

2. gr.

Allar greiðslur, sem um getur í 1. gr. skulu dragast frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði á læknishjálpi, rannsóknum og röntngengreiningu, þegar reikningur er gerður til sjúkrasamlags fyrir þessa þætti.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar til að öðlast gildi 1. júní 1984. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 629/1983 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. maí 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 465/1983, skv. lögum nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

1. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 11. gr. komi málsgrein er orðist svo:

Innheimta skal tímabundið gjald af innfluttu kjarnfóðri við tollafgreiðslu. Á tímabilinu 1. júní til 31. desember 1984 skal gjald þetta vera 19,00% reiknað af innkaupsverði hinnar gjaldskyldu vöru. Innkaupsverð telst cif-verð vörunnar (tollverð) kominnar á innflutningshöfn.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á tímabilinu 1. júní til 31. desember 1984 skal Framleiðsluráð landbúnaðarins greiða til Áburðarverksmiðju ríkisins og þeirra sem eiga rétt á endurgreiðslu á áburðaverði skv. reglum sem landbúnaðarráðuneytið setur, 19%-stig af innheimtu kjarnfóðurgjaldi. Þó skal greiðsla þessi aldrei vera hærri en nemur 1 000 krónum af tonni af hverri kjarnfóðurtegund við hverja tollafgreiðslu. Hagstofa Íslands reiknar út við ákvörðun búvöruverðs á þessu tímabili, hverju áður nefnd 19%-stig nema í verði kjarnfóðurs, eftir þeim reglum sem Hagstofan áætlar kjarnfóðurverð við verðlagningu landbúnaðarafurða. Þessi hluti kjarnfóðurverðsins skal teljast með framleiðslukostnaði landbúnaðarafurða á áður nefndu tímabili og koma fram í afurðaverði.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. maí 1984.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.